



Kosningar 2013



Forgangsmál Sjálfstæðisflokksins á næsta kjörtímabili eru:

› Að sækja fram á öllum sviðum atvinnulífsins

Með skattalækkunum, afnámi gjaldeyrishafta, öflugu einkaframtaki, rýmri löggjöf um erlendar fjárfestingar, nýsköpun og með því að draga úr ríkisafskiptum og miðstýringu.

› Að lækka skatta og auka ráðstöfunartekjur

Með því að afnema þriggja þrepa tekjuskattskerfi og lækka tekjuskatta – lækka verðið á innkaupakörfunni og eldsneyti með lækkun virðisaukaskatts, vörugjalda og eldsneytisgjalda.

› Að taka á skuldavanda heimilanna

Með raunhæfum lausnum sem geta lækkað höfuðstól lána um allt að 20% á næstu árum og hægt er að hrinda í framkvæmd án tafar.

Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að hafa forystu um sókn til bættra lífskjara. Með hófsemd í skattheimtu og réttri forgangsröðun verður unnið í þágu heimila og fyrirtækja. Þannig verður lagður grunnur að fjölbreyttu atvinnulífi, auknum kaupmætti og betri lífsskilyrðum íslensku þjóðarinnar.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur grunngildi sjálfstæðisstefnunnar að leiðarljósi þar sem virðing fyrir einstaklingsframtaki, sam hjálp borgaranna, atvinnufrelsi og verðmætasköpun eru leiðarstefin. Vinnufúsar hendur bíða eftir verkefnum og tækifærin eru til staðar. Samhent og samtaka náum



Lækkum skatta og aukum ráðstöfunartekjur

Skattar og opinberar álögur eru einn þyngsti útgjaldaliður íslenskra heimila. Þegar tekið er tillit til íslenska lífeyriskerfisins kemur í ljós að Ísland er í hópi þeirra OECD-ríkja sem búa við mestu skattbyrðina. Sjálfstæðisflokkurinn vill að skattkerfið sé einfalt og gegnsætt, stuðli að aukinni samkeppni og tryggi neytendum góða vöru og þjónustu á hagstæðu verði. Á komandi kjörtímabili er nauðsynlegt að endurskoða skattkerfi heimila og fyrirtækja og vinda ofan af þeim rúmlega hundrað skattbreytingum sem gerðar hafa verið í tíð fráfarandi ríkisstjórnar.

- › Lægri tekjuskattur mun auka ráðstöfunartekjur heimilanna
- › Einfalt og gegnsætt skattkerfi
- › Lægra bensínverð með lægri eldsneytisgjöldum
- › Lægri tollar og vörugjöld munu lækka vöruverð og auka samkeppni

Tökum á skuldavanda heimilanna

Fjárhagslegt öryggi og sjálfstæði heimilanna er mikilvægasta verkefni stjórnvalda á hverjum tíma. Með lágum sköttum, vaxandi kaupmætti og háu atvinnustigi er velferð fjölskyldna best tryggð.

- › 20% lægri höfuðstóll meðal-íbúðaláns á næstu árum með skattaafslætti og skattfrjálsum séreignarsparnaði
Þeir sem greiða af húsnæðislánum fá skattaafslátt sem verður notaður til að greiða niður höfuðstól.
- › Valfrelsi lántakenda tryggt - verðtrygging verði ekki almenn regla
Allir eigi kost á sambærilegum óverðtryggðum lánnum og tíðkast hjá nágrannaþjóðunum
- › Fyrstu íbúðarkaupin gerð auðveldari með skattalegum sparnaði
- › Stimpilgjöld afnumin - með því er staða lántaka styrkt og samkeppni á lánamarkaði aukin

Sækjum fram á öllum sviðum atvinnulífsins

Grunnstefna Sjálfstæðisflokksins er að frumkvæði einstaklingsins fái notið sín samfara ábyrgð á eigin athöfnum. Það er stjórnvalda að skapa heilbriggt og hvetjandi umhverfi fyrir atvinnulífið svo nýta megi krafta einstaklinganna til fulls.

Stjórnvöld eiga að vinna með atvinnulífinu – ekki á móti því. Leysa þarf íslenskt atvinnulíf úr viðjum hárra skatta, hafta, opinberra afskipta og íþyngjandi reglugerða. Stuðla verður að uppbyggingu fjölbreytts atvinnulífs samhliða því að styrkja stoðir grunnatvinnuveganna. Sérstaklega verður að hlúa að litlum og meðalstórum fyrirtækjum og tryggja jafna samkeppnisstöðu þeirra.

- › Lægra tryggingagjald eykur svigrúmið til að fjölga starfsmönnum og greiða hærra laun
- › Lækkun skatta og vörugjalda
- › Auðlindir nýttar með arðsömum og ábyrgum hætti
- › Sóknarfæri í landbúnaði nýtt
- › Arðsemi sjávarútvegsins aukin
- › Aukin verðmætasköpun í ferðaþjónustu
- › Vaxtarmöguleikar skapandi greina tryggðir
- › Stoðkerfi nýsköpunarfyrirtækja einfaldað og gert skilvirkara – dregið úr hindrunum við stofnun og rekstur fyrirtækja
- › Aukin samkeppni á fjármálamarkaði
- › Skilyrði sköpuð til að auka erlenda fjárfestingu



Ábyrg ríkisfjármál - rétt forgangsröðun

Með endurskipulagningu, rétttri forgangsröðun og aðhaldssemi verður jafnvægi komið á í ríkisfjármálum. Gríðarlegur hallarekstur ríkissjóðs á undanförunum árum hefur komið í veg fyrir efnahagslegan stöðugleika og grafið undan möguleikum okkar til að sinna nauðsynlegri grunnþjónustu. Jöfnuður í búskap hins opinbera er eitt mikilvægasta verkefnið.

- › Forgangsröðun í þágu grunnþjónustu
- › Lækkun skulda ríkissjóðs - lægri vaxtakostnaður
- › Jafnvægi í ríkisfjármálum er forsenda stöðugleika
- › Endurskipulagning og sparnaður í yfirstjórn ríkisins

Eldri borgarar

Eldri borgarar, líkt og allir landsmenn, eiga rétt á því að njóta bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu, óháð efnahag. Nauðsynlegt er að endurskoða bætur almannatrygginga þar sem lagður er grunnur að því að öllum verði tryggðar lágmarkstekjur til lífsviðurværis. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að eldri borgarar haldi fjárhagslegu sjálfstæði sínu.

- › Eldri borgarar geti aflað sér atvinnutekna án þess að lífeyrisgreiðslur skerðist
- › Aldraðir á dvalarheimilum haldi fjárhagslegu sjálfstæði
- › Kjaraskerðing ríkisstjórnarinnar frá 1. júlí 2009 afturkölluð

Heilbrigðismál

Sjálfstæðisflokkurinn mun standa vörð um rétt allra landsmanna til að njóta góðrar heilbrigðisþjónustu, óháð búsetu. Skipulag og uppbygging heilbrigðiskerfisins verður að vera á forsendum notenda, þar sem allir búa við jafnrétti og valfrelsi. Þar skal haft að leiðarljósi að heilbrigðisstarfsfólkið okkar er hin raunverulegu verðmæti heilbrigðiskerfisins. Leggja verður ríka áherslu á breytta forgangsröðun við fjárveitingar til endurskipulagningar og uppbyggingar á heilbrigðiskerfinu í þágu sjúklinga og starfsfólks.

- › Kostir fjölbreyttra rekstrarforma í heilbrigðiskerfinu nýttir til að ná árangri í þjónustu og hagkvæmni í rekstri - valkostum notenda heilbrigðisþjónustunnar fjölgað
- › Aukin áhersla á heilsugæslu - heilsugæslan verði að jafnaði fyrsti viðkomustaðurinn í heilbrigðiskerfinu
- › Áhersla á forvarnir og heilsueflingu, ekki síst á geðrækt, næringu og hreyfingu
- › Endurhæfing verði treyst í sessi og örorkumat endurskoðað með það að markmiði að litið verði til starfsgetu í stað takmarkana.
- › Leitast skal við að einstaklingar hafi val um að stýra þjónustu sinni sjálfir með svokallaðri „notendastýrðri persónulegri aðstoð“ (NPA)



Menntun og menning

Í íslenskrri menningu felast fjölbreytileg verðmæti. Mikilvægt er að halda áfram að hlúa að lista- og menningarlífi þjóðarinnar og standa vörð um menningarstofnanir, þar sem mikil þekking og reynsla býr. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á mikilvægi menntamála í viðum skilningi, þar sem horft er til grunnmenntunar, framhaldsmenntunar, háskóla- og vísindastarfs og menningarstarfsemi. Fjárfesting í þekkingu og mannauði skapar verðmæti og er undirstaða samkeppnishæfni.

- › **Opinber stuðningur við lista- og menningarstarfsemi sé gegnsær og reistur á traustum, faglegum og fjárhagslegum forsendum**
- › **Sveigjanleiki, fjölbreytni, ábyrgð og valfrelsi njóti sín í öllu menntakerfinu**
- › **Nemendur hafi raunverulegt val um skóla, hvort sem þeir eru einkareknir eða á vegum hins opinbera - fjárframlag hins opinbera til náms fylgi nemandan á öllum skólastigum**
- › **Sveitarfélögum gert mögulegt að reka framhaldsskóla**
- › **Aukin áhersla lögð á iðn- og tækninám**
- › **Stytttri meðalnámstími til stúdentsprófs**

Öruggar samgöngur - efling byggðar

Sjálfstæðisflokkurinn vill treysta byggð í landinu með góðum og öruggum samgöngum. Það er eitt af grunnhlutverkum hins opinbera að byggja upp og viðhalda góðu samgöngukerfi og fjarskiptum innanlands og við aðrar þjóðir. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á sjálfbærar skynsamlegar samgöngur fyrir alla, óháð samgöngumáta. Með nýrri samgönguáætlun verður að hefja uppbyggingu samgöngukerfisins að nýju.

- › **Við ákvörðun um framkvæmdir við samgöngumannvirki skal áhersla lögð á hagkvæmni, styttingu vegalengda og öryggi, bæði innan og á milli landssvæða**
- › **Unnið verði að uppbyggingu stofnvega til og frá höfuðborgarsvæðinu og ferjuleiðir skilgreindar sem hluti af þjóðvegakerfinu sem liður í eflingu ferðaþjónustunnar**
- › **Rýmka þarf heimildir til að sinna millilandaflugi þar sem aðstæður leyfa á landsbyggðinni**
- › **Nýta ber vistvæna orkugjafa enn frekar við samgöngur**

Traust staða Íslands sem sjálfstæðrar þjóðar á meðal þjóða

Sjálfstæðisflokkurinn vill standa vörð um fullveldi þjóðarinnar, treysta stöðu hennar, öryggi og velsæld með því að efla frjálsræði í viðskiptum, tryggja varnir landsins og nýta á alla lund þau tækifæri sem felast í vaxandi alþjóðlegu samstarfi. Sjálfstæðisflokkurinn telur að leggja skuli áherslu á nýja fríverslunarsamninga við helstu ríki veraldar og traust samskipti við ESB á grundvelli EES-samningsins, án inngöngu í sambandið.

- › **Afnám gjaldeyrishafta er lykilatriði í því að treysta samkeppnishæfni og viðskiptafrelsi í alþjóðlegu samhengi**
- › **Sjálfstæðisflokkurinn telur hagsmunum Íslands betur borgið utan Evrópusambandsins en innan - þjóðin tekur ákvörðun um aðildarviðræður við ESB í þjóðaratkvæðargreiðslu á kjörtímabilinu.**
- › **Hagsmunir Íslands á norðurslóðum tryggðir, ekki síst með tilliti til samgangna, auðlinda og öryggis**
- › **Varnir landsins áfram tryggðar með aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu (NATO) og varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna**



Öryggi borgaranna

Eitt af mikilvægustu hlutverkum ríkisins er að tryggja öryggi borgaranna. Þess vegna verður að gera lögreglunni kleift að sinna hlutverki sínu.

- › Löggæsla eflid og sérstaklega hugað að lögregluembættum á landsbyggðinni
- › Landhelgisgæslan ráði á hverjum tíma yfir nauðsynlegum tækja- og skipakosti

Nýtt skeið vaxtar

Íslendingar geta í vor hafið nýtt skeið vaxtar og stöðugleika. Sameiginlega eigum við hvernig að hvika í þeirri ætlun okkar að koma Íslandi á ný í fremstu röð í samfélagi þjóðanna.

- › Þjóðarsátt um stöðugleika til að auka lífsgæði, tryggja öryggi og atvinnu er grundvöllur nýs framfaraskeiðs
- › Nýta þarf hvert tækifæri og hafa kjark til nauðsynlegra aðgerða
- › Sjálfstæðisflokkurinn er reiðubúinn að sækja fram með frelsi, ábyrgð og umhyggju fyrir íslensku þjóðinni að leiðarljósi